

Nd.

775. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Við 14. gr. 3. mgr. falli niður.
Varatillaga:
Aftan við greinina bætist: enda séu skjölin fullnægjandi að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.
2. Við 16. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
Innflytjandi eða umboðsmaður hans fá ekki afhenta vöru nema frágangur aðflutningsskýrslna sé í samræmi við lög þessi.
3. Aftan við 2. másl. 1. mgr. 37. gr. bætist: enda séu þeir óháðir innflutningsaðilum.
4. Á eftir 2. mgr. 115. gr. komi ný mgr. er orðist svo:
Ráðherra skal sjá svo um að reglulega sé fylgst með því hvort um sé að ræða undirboð sem geti stofnað íslenskum atvinnurekstri í hættu. Skal hann gera Alþingi árlega grein fyrir niðurstöðum sínum í þessum efnum.
5. Við 119. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
Skal ráðherra skýra Alþingi árlega frá rannsókn, sem fram hefur farið í fjármála-ráðuneytinu, á undirboðum.
6. Við 129. gr. Greinin flytjist aftur fyrir 150. gr. og verði ákvæði til bráðabirgða.